

50 málsgr. 1. gr. bætist: síldartunnur og kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á 15. júní meðal gjarðæfni, ennfremur kornvörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting, skal fella texta þeirra og laga nr. 32, 27. júní 1925, inn í meginmál laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, raða upptalningunum í 1. gr. 1. og 1. gr. 2. eftir stafrófsröð og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.

51

15. júní

LÖG

um

sölu á síld o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ef eigi færri en 20 þeirra manna, er á síðastliðnu ári ljetu salta eða krydda síld til útflutnings, eða gerðu skip út á síldveiðar, eða ætla að stunda slíka atvinnu á yfirstandandi ári og leggja fram gögn fyrir, að stofna fjelag í þeim tilgangi að sjá um hagkvæmari sölu síldar á erlendum markaði, þá er ráðherra heimilt að veita slíku fjelagi einkasölu á síld til útflutnings, enda samþykki ráðherra lög fjelagsins.

2. gr.

51

Þegar fullnægt er skilyrðum 1. gr., er öllum, sem salta eða krydda síld til útflutnings, skylt að láta fjelagið sjá um söluna, enda er þá og óheimilt að salta eða krydda síld til útflutnings í skipum í landhelgi.

3. gr.

Allir, sem gera út skip á síldveiðar, eða fást við að salta eða krydda síld til útflutnings, eiga rjett til að verða fjelagsmenn.

4. gr.

Öll síld, sem fjelagsstjórnin selur, skal seld fyrir sameiginlegan reikning, þannig að árlega fær hver eigandi síldar sama verð fyrir samskonar vöru að gæðum.

5. gr.

Að fengnum tillögum fjelagsstjórnarinnar setur ráðherra með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði um síldarsöluna, greiðslu andvirðis síldarinnar og alt annað, sem að framkvæmdum lýtur í þessu efni, eftir því sem þurfa þykir.

Heimilt er fjelagsstjórninni að banna að salta eða krydda síld til útflutnings frá 15. mars til 25. júlí ár hvert, enda skal bannið auglýst með að minsta kosti mánaðar fyrirvara.

6. gr.

Fjelagsstjórninni er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi krydda og salta til útflutnings. Einnig er fjelagsstjórninni heimilt að selja innanlands þá síld, er hún telur eigi tilvinnandi að flytja út.

7. gr.

Allur kostnaður, sem er samfara síldarsölu, greiðist af andvirði síldarinnar, og má setja nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

8. gr.

Stjórn fjelagsins skal skylt að gera árlega tilraunir til þess að útvega nýjan markað fyrir síld, og skal í þessu skyni selja utan Norðurlanda alt að 5% af útfluttri síld á ári, hverju, þótt fyrir lægra verð sje en fánlegt er á venjulegum markaðsstöðum.

Nú þykir þörf á að reyna nýja meðferð síldar til útflutnings á nýja markaði, og getur þá fjelagsstjórnin látið framkvæma þetta á kostnað fjelagsins.

9. gr.

Heimili fjelagsins og varnarþing skal vera á Akureyri, og þar skal að minsta kosti einn maður úr stjórn fjelagsins vera búsettur.

51
15. júní

10. gr.
Fjelagið er ekki útsvarsskylt, enda greiðir það síldareigendum árlega alt andvirði síldar, að frádregnum kostnaði.

11. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 3 menn, og skifta þeir með sjer verkum og ráða sjer aðstoð eftir því, sem þeir telja nauðsynlegt.

12. gr.

Í fyrsta skifti skipar ráðherra stjórn fjelagsins. Hún skal skipuð til 4 ára, þannig að 1 fer frá eftir 2 ár, eftir hlutkesti, er bæjarfógetinn á Akureyri sjer um, og 1 eftir 3 ár með sama hætti. Fjelagið velur mann eða menn í stjórn í stað þeirra, er úr ganga, á þann hátt, sem lög fjelagsins mæla fyrir.

13. gr.

Ráðherra ákveður árlega þóknun til þeirra manna, er hann skipar, en aðalfundur fjelagsins þóknun þeirra, er fjelagið skipar.

14. gr.

Fjelagið skal árlega halda aðalfund í apríl eða maí og aukafundi þegar stjórnin ákveður. Á aðalfundi ár hvert skal leggja fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið ár.

Á fundum fjelagsins hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem eru fjelagsmenn. Enginn fjelagsmaður hefir þó atkvæðisrjett nema fjelagið hafi fyrir hans hönd selt minst 200 tonnur síldar af framleiðslu næsta árs á undan, og enginn getur átt fleiri atkvæði en 25. Annars fylgir eitt atkvæði hverjum 200 tonnnum, en minni tölu er slept.

15. gr.

Meðan meiri hluti fjelagsstjórnarinnar er skipaður af ráðherra, velur í fyrsta skifti stofnfundur, en síðan aðalfundur, 2 endurskoðunarmenn reikninga fjelagsins, en eftir að meiri hluti stjórnarinnar er valinn af fjelaginu, tilnefnir ráðherra 2 endurskoðunarmenn til 2 ára í senn og ákveður þóknun þeirra.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—100000 kr., nema þyngri refsing liggvi við að lögum.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

51

15. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.***LÖG**

um

**heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum
banka í Reykjavík.**

52

15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðuneytinu er heimilað að veita hlutafjelagi, sem stofnað kann að verða
í því skyni, hlunnindi handa banka, er fjelagið stofnar í Reykjavík, þau er
hjer segir:

- a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvalda auglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.
- b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.